



Fréttabréf Árskógarsskóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

19. tölublað, 3. árgangur, mars 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Vissir þú að....

þú munt sennilega borða
70 skordýr og 10
köngulær í svefni um ævina

Vísu mars

Klukkubula

Klukkan eitt
eta feitt.
Klukkan tvö
bula bö.
Klukkan þrjú
mjólka kú.
Klukkan fjögur
kveða bögur.
Klukkan fimm
segja bimm.
Klukkan sex
borða kex.
Klukkan sjö
segja Ö.
Klukkan átta
fara að háttu.
Klukkan níu
veiða kríu.
Klukkan tíu
kyssa píu.
klukkan ellefu
fleyta kellingu.
Klukkan tólf
ganga um gólf.



Kæra skólasamfélag

Febrúarmánuður þotinn frá okkur enda stuttur í annan endann. Flensan gerði vart við sig í skólanum en nú með hækkandi sól skulum við vona að allir hafi góða heilsu enda er hún einfaldlega það dýrmætasta sem við eigum. Skólabragur er góður, flestir fara alltaf eftir skólareglum og sem betur fer glímum við ekki við eineltismál en vinnum markvisst forvarnastarf gegn slíku með aðferðum uppbyggingarstefnunnar. Nemendur Árskógarsskóla eru námsfúsir, finnst gaman að leika sér, skemmtilegir og góðir krakkar sem gaman er að vera kringum. Það hefur gengið vel í vetur að hver og einn fái að njóta sín eins og hann er, að kostir hvers og eins séu dregnir fram og við reynum að veita nemendum tækifæri til að njóta kosta sinna og áhugasviðs innan námsins í átt að markmiðum. Það er góður andi og kraftmikið nám í gangi í Árskógarsskóla. Það verður mikið um að vera þetta vorið í skólanum, m.a. skólaþing um **sjálfbærni** ofl., endilega kikið sem oftast í heimsókn í skólann.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Afríkupema

Um þessar mundir er unnið að ýmsum verkefnum tengdum Afríku og einmitt á árshátíð skólans 3. apríl kl. 17⁰⁰ er þemað Afríka. Takið daginn frá, þetta verður mergjuð árshátíð!



Flensa á Kötlukoti

Eins og fram hefur komið áður hefur flensan verið að herja ansi grimmt á okkur í Árskógarsskóla. Sem betur fer höfum við á Kötlukoti yfirleitt getað orðið við óskum foreldra og alltaf er hægt að verða við því að börnin sofi inni. Því miður er það ekki eins auðvelt með útiveru og því viljum við biðja ykkur um að senda börnin ekki fyrr en þau eru orðin nægilega frísk til að taka þátt í öllu starfi leikskólans. Vonandi er þessi flensutörn á enda.



Skólaþing í apríl

Skólaþing verður miðv.
30. apríl. Þá tökum við
fyrir grunnpáttinn

Sjálfbærni sem snýst um
að hugsa um samspil
umhverfis, efnahags, sam-
félags og velferðar.

**Nánar síðar, við
viljum fá foreldra í þá
vinnu með okkur.**

Dótadagur

Húrra húrra loksins er komið að dótadegi en mörg börn hafa beðið eftir honum síðan um jól. Dótadagurinn verður 25. mars. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að merkja leikföngin og passa að ekki sé lítið dót sem getur farið upp í litla munna.

Öll börn skólans mega koma með dót (ekki vopn).



Lokanir í mars

Vinsamlegast kynnið ykkur vel lokanir í mars en þá lokar Kötlukot 12:15 á öskudaginn og þeir nemendur á grunnskólastigi sem verða í skóla fara einnig heim þá, annars er hefð fyrir því að ef foreldrar óska eftir “söngfríi” fyrir barnið sitt þá er slíkt veitt enda er þessi dagur einn tíu á skóladagatali sem merktur er “gulur” og er umfram lögbundna skóladaga. Dagana 6.-7. mars er vetrarleyfi í skólanum og hann lokaður (bæði skólastig í fríi). Þessar lokanir má sjá betur á viðburðadagatali í þessu fréttabréfi.




Litahegðun

Í febrúar innleiddum við litahegðun í tengslum við uppbyggingarstefnuna. Kostirnir við þetta eru:

- Hægt er að ræða um neikvæða hegðun án þess að vera persónulegur.
- Auðveldar nemendum að greina sína eigin hegðun og annarra.
- Einfalt og auðskilið.
- Orð sett á **æskilega hegðun**, allir vita hvernig hún er og geta stefnt að henni.

Þetta eru 4 mismunandi litir sem unnið er út frá. Í skólanum okkar viljum við allra helst vera græni karlinn og stefnum að því. Sumir foreldrar nota þetta líka heima sem er hið besta mál!



Rauður

Vill ráða
Lemur
Meiðir
Segir ljótt
Er æstur

Líður illa

Gulur

Vill ráða
Truflar
Stríðir
Segir ljótt

Líður illa

Grár

Er leiður
Lætur aðra
krakka ráða
yfir sér
Fýlu-stjórnar

Líður frekar
illa

Grænn

Hlustar
Hjálpar
Er glaður

Líður vel

Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur **skóladagatal 2013-2014** svo allt sé á hreinu!

Munið eftir **myndasafninu** á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



VIRÐING









JÁKVÆÐNI

METNAÐUR

náms **Á**hugi-þ **R**autseigja-**S**amvinna-lei **K**ur-útisk **Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi **R**öðing

Viðburðadagatal mars 2014

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

3 Bolludagur 	4 Sprengidagur 	5 Öskudagur Skóli lokar 12:15 	6 Vetrarleyfi 	7 Vetrarleyfi	8	9
10	11	12	13	14 7. bekkur aðlögun í Dalvíkurskóla	15	16
17	18 Skíðadagur grunnskólastigs á Dalvík 	19 Stóra upp- lestrarkeppnin í Bergi kl. 14 ⁰⁰ 	20	21 Hugrún Jana 7 ára 	22	23
24 Félagsmiðstöð fyrir 1.-4.b í félagsheimili 1530-1700	25 Dótadagur Allir mega koma með lítið dót. 	26	27 Sigurbjörn Kristján 7 ára 	28	29	30 Bjartur Logi 10 ára 
31						